

**51. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,
9. febrúar 2021
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB), Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH),
Aðalsteinn Magnússon (AM), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), Jóhann Birkir
Helgason (JBH) og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Einir Steinn Björnsson, Formaður

Dagskrá:

Jóhann Birkir Helgason og Óskar Örn Gunnarsson sátu fundinn í gegnum
fjarfundarbúnað.

1. Breyting á aðalskipulagi - 1902411

Tekið fyrir bréf Skipulagsstofnunar dags. 15. janúar 2021 er varðar tillögu að
breytingu á aðalskipulagi vegna iðnaðarsvæða I3, I11 og I12, efnistökusvæða E3 og E6
og færslu þjóðvegjar í Botnsdal.

Jafnframt lögð fram umsögn frá Vegagerðinni ódagsett, umsöfn frá Veðurstofu Íslands
dags. 28.01.2021 og umsögn Umhverfisstofnunar dags. 11. janúar 2021.

*Tekið fyrir bréf Skipulagsstofnunar dags. 15. janúar 2021 er varðar tillögu að breytingu
á aðalskipulagi vegna iðnaðarsvæða I3, I11 og I12, efnistökusvæða E3 og E6 og færslu
þjóðvegjar í Botnsdal. Jafnframt lögð fram umsögn frá Vegagerðinni ódagsett, umsögn
frá Veðurstofu Íslands dags. 28.01.2021 og umsögn Umhverfisstofnunar dags. 11. janúar
2021, Minjastofnun dags. 15. desember 2020 og tölvupóstur Samgöngustofu dags 7.
janúar 2021.*

*Í bréfi Skipulagsstofnunar er mælt með því að beðið verði með auglýsingu á breytingu á
Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps samhliða deiliskipulagsbreytingu þar til tilkynning
um framkvæmdina liggur fyrir og hefur verið afgreidd af Skipulagsstofnun, því þar geta
komið fram atriði sem þarf að taka afstöðu til á skipulagsstigi.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd frestar því að auglýsa
aðalskipulagsbreytinguna þar til tilkynning framkvæmdaraðila liggur fyrir.*

2. Umsókn um breytingu á deiliskipulagi - 2009255

Tekin fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar dags. 04.01.2021
unnin af Landmótun.

Breytingin felur í sér minnkun á geymslusvæði báta, sameining lóða við Strandgötu
39-41 og stækkun lóðar úr 1541 m² í 1668 m² auk þess sem lóðin við
hafnarskemmunu er stækkuð úr 869 m² í 1662 m² og heimilt verður að byggja þar allt
að 480 m² atvinnuhúsnæði.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu
með breytingu á lóðinni við Strandgötu 39-41, 43 og 45 þannig að lóðarmörk verði í 7
metra fjarlægð frá Strandgötu. Nefndin vísar erindinu til hafnarstjórnar til afgreiðslu
sbr. 4. mgr. 3. gr. hafnarreglugerðar fyrir Tálknafjörð.*

3. Plokkdagurinn 2021 - 2101516

Tekinn fyrir tölvupóstur dags. 14.01.2021 frá Plokk á Íslandi þar sem tilkynnt er að Stóri plokkdagurinn verði 24. apríl 2021.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur áherslu á að sveitarfélagið taki þátt og skipuleggi plokkdag. Jafnframt verði hreinsunaráttak í sveitarfélaginu í samvinnu við íbúa og fyrirtæki á svæðinu.

4. Fyrirspurn um staðsetningu rafstöðvar - 2009330

Tekin fyrir umsókn frá Sigurvin Hreiðarssyni dags. 26.01.2021 f.h. Arctic Smolt, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir byggingu rafstöðvar í Norður-Botni skv. teikningum frá Gingi teiknistofa dags. 26.01.2020.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að byggingarleyfi verði veitt fyrir rafstöð skv. meðfylgjandi teikningu. Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi.

5. Miðtún 3, umsókn um stækkun og sameiningu íbúða - 2101553

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Gingi teiknistofa dags. 26.01.2021 fyrir hönd Eiríks Þórs Eiríkssonar er varðar fyrirspurn um sameiningu tveggja íbúða í eina og 6 fermetra viðbyggingu sbr. teikningar frá Ginga teiknistofu dags. 24.01.2021.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir byggingaráformin með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu grenndarkynningar. Ráðið felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna framkvæmdina fyrir aðliggjandi lóðarhöfum. Útfæra þarf bílastæði fyrir húsin fyrir grenndarkynningu.

6. Sundlaug Tálknafjarðar, viðbygging - 2102599

Tekin fyrir umsókn frá Tálknafjarðarhrepp dags. 3. febrúar 2021 þar sem óskað er eftir heimild til að byggja 2,5 fermetra viðbyggingu við skrifstofu sundlaugarvarðar.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir fullgildum aðalteikningum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:53.

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Benedikt Davíð Hreggviðsson
(BDH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)
